



Reykjavík, 25. júní 2020

SFS2020060248

R20060218

Tillaga um stofnun starfshóps um kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur til þess að skoða hvernig megi auka og efla fræðslu um kynjafræði og hinseginfræði í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar og þjálfun starfsfólks á þeim sviðum. Starfshópurinn leggi mat á núverandi stöðu og móti tillögur til úrbóta. Í hópnum verði verkefnastýra Jafnréttisskólans, sérfræðingar í hinsegin- og jafnréttismálum á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, fulltrúar stjórnenda og starfsfólks leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs og Reykjavíkurráðs ungmenna.

Ábyrgð: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð og skóla- og frístundaráð.

Kostnaður: Innan ramma sviða/eininga sem eiga fulltrúa í hópnum.

Greinargerð:

Í lögum nr.10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál. Jafnrétti er jafnframt ein af grunnstoðum menntunar samkvæmt aðalnámskrá leik- og grunnskóla. Kyn og kynhneigð eru meðal þeirra þátta sem falla undir jafnrétti í aðalnámskrá og er áhersla lögð á að jafna möguleika drengja og stulkna. Einnig eru tilgreindar fræðigreinar sem er talið eðlilegt að séu nýttar í skólastarfinu, en meðal þeirra eru kynjafræði og hinseginfræði.

Menntastefna Reykjavíkurborgar byggir á fimm grundvallarþáttum: félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði. Meðal þeirrar hæfni sem skal rækta er tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogaþæfni. Einnig skal rækta skýra og sterka sjálfsmýnd barna og heilbrigði og vellíðan í daglegu lífi. Jafnréttismenntun, þ.m.t. kynja- og hinseginfræðsla er nauðsynleg til þess að tryggja að grundvallarþættir menntastefnunnar nái til allra barna, en ekki bara sumra. Í grein 2.3.2 mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að „allt uppeldis- og tómstundastarf, menntun, fræðsla og menningarstarf sem fram fer á ábyrgð Reykjavíkurborgar og stofnana hennar hefur jafna stöðu kynja að leiðarljósi. Hvetja skal börn og unglings til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna staðalmynda“. Í grein 7.3.1. kemur m.a. fram að „Allt uppeldis- og tómstundastarf, menntun og menningarstarf taki mið af því að þátttakendur geti verið hinsegin. Margs konar fjölskyldugerðir á að ræða á opinskáan og fordómalausan hátt... Skólastjórnendur og ábyrgðarfólk skóla- og frístundastarfs á vegum borgarinnar á að sjá til þess nemendur hljóti hinsegin fræðslu...“ Rannsóknir sýna ítrekað að hinsegin nemendum líður verr en öðrum nemendum og upplifa óöryggi, kvíða, reiði og óánægju í ríkari mæli. Þá sýna rannsóknir einnig að sú vanlíðan hefur neikvæð áhrif á námsárangur þeirra sem og mætingu í skólann.

Fræðsluefni á sviði kynja- og hinseginmála er af skornum skammti og má segja að kennara og aðra starfsmenn í skóla- og frístundastarfi skorti efnivið til þess að sinna þessum málaflokkum sérstaklega. Um leið verður ekki litið framhjá því að grunnnám leikskólakennara, grunnskólakennara og tómstunda- og félagsmálafræðinga felur ekki í sér skyldubundin námskeið á sviði kynja- og hinseginfræða. Því er ekki hægt að ætlast til þess að þessir sérfræðingar geti skilað þeim fræðum inn í starf sitt án sértækra aðgerða og fræðslu.

Reykjavíkurborg hefur gripið til þess ráðs að bjóða upp á sérstaka kynja- og hinseginfræðslu. Borgin er með þjónustusamning við Samtökin '78 sem sinnir hinseginfræðslu til handa nemendum og starfsfólki grunn- og leikskóla og frístundastarfs. Einnig er í samningnum samkomulag um rekstur hinsegin félagsmiðstöðvar, en frá því að núverandi samningur tók gildi þann 23. janúar 2018 hefur aðsókn hinsegin ungmenna í félagsmiðstöðina aukist til muna. Síðast liðinn vetur mættu að jafnaði um 80 ungmenni í hverri viku. Ár hvert senda samtökin erindi til allra grunnskóla að bjóða fram fræðslu, en það er á valdi hvers og eins skóla að óska eftir henni. Verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar býður upp á kynjafræðslu til handa starfsfólki skóla, en hún er einnig valkvæð og á valdi hvers og eins skóla að óska eftir henni. Slíkt fyrirkomulag getur orðið til þess að einhverjir skólar nái ekki að sinna skyldum sínum og tryggja nemendum jafnréttis- og hinseginfræðslu á öllum skólastigum.